VÍMULAUS ÆSKA
Grensásvegi 16
108 Reykjavík
sími 581-1817
fax 581-1819

Reykjavík, 3. apríl 1998

Alþingi
Erindi nr. Þ 122/1741
komudagur 6.4.'98

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Hafdís Ólafsdóttir nefndarritari
Þórshamri v/Templarasund
150 REYKJAVÍK

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi.

Foreldrasamtökin Vímulaus æska þakka fyrir þetta tækifæri til að fjalla um frumvarp til laga um breytingar á lögum um gjald af áfengi. Jafnframt biðjast samtökin velvirðingar á því hve seint umsögnin berst nefndinni.

Almennt um frumvarpið:
Vímulaus æska fagnar ákvæðum frumvarpsins um flokkun áfengis í þrjá flokka og mishátt áfengisgjald eftir flokkum sem og ákvæði um áfengiseftirlit lögregluyfirvalda.

Um einstakar greinar:
2. gr.: Samtökin eru þeirrar skoðunar að ganga hefði mátt lengra í ákvörðun áfengisgjalds á einstaka flokka áfengis í þeim tilgangi að stýra neyslunni. En helstu rökin fyrir skiptingu áfengis í þrjá flokka eru einmitt neyslustýring. Þannig hefðu samtökin viljað sjá frekari hækkun gjalds af sterku áfengi (öðru áfengi) og lækkun gjalds af bjór/öli eins og af víni. Ástæðan fyrir þessu er sú að unglingar drekka sterkt áfengi í miklum mæli samkvæmt niðurstöðum rannsókna sem gerðar hafa verið sl. ár. Þessar rannsóknir sýna líka að ölvunardrykkja unglinga er áberandi og hlýtur að vera áhyggjuefni. Því mætti ætla sem svo að með verðstýringu mætti beina drykkju ungmenna og annarra að þeim tegundum áfengis sem innihalda lægra hlutfall af vínanda. Hækkun hverrar flösku af sterku áfengi um 60-90 krónur vegur tæplega þungt í neyslustýringu.

6. gr.: Vímulaus æska er mótfallin því að skilyrða úthlutanir Forvarnasjóðs til verkefna eins og hér er gert. Vímulaus æska eru ein af fjölmörgum öðrum grasrótarsamtökum sem leggja mikilsverðan skerf til forvarnastarfs hér á landi. Hætt er við að starfsemi slíkra samtaka leggist af ef þau eiga ekki kost á opinberum styrk til að sinna almennum rekstri þar sem félagsgjöld og aðrar fjáröflunarleiðir hrökkva ekki til. Því er lagt til að orðin á verkefnagrundvelli í 3. mgr. falli niður.
Samtökin fengu frumvarp til laga um áfengis- og vímuvarnaráð til umsagnar og hafa skilað umsögn sinni til heilbrigðis- og tryggingarnefndar. Þar vöruðu samtökin við of mikilum tengslum áfengis- og vímuvarnaráðs og Forvarnasjóðs þar sem líkt gæti valdið hagsmunaárekstrum milli hins opinbera og aðila eða samtaka sem sækja um úthlutun úr sjóðnum.

Virðingarfyllst,
f.h. Vímulausrar æsku

Aldís Yngvadóttir

FORELDRASAMTÖK
VÍMUVARNIR HEFJAST HEIMA!
foreldra SÍMINN 89•64899